

Kæru fjölskyldumeðlimir LifeWave.

Eins og þið vitið höfum við hlakkað til að opna og starfrækja LifeWave Europe fyrirtæki og höfum náð nokkrum áföngum í átt að því marki. Þess vegna taldi ég það þess virði að eyða smástund í að upplýsa ykkur um stöðuna. Í fyrsta lagi munum við innan fárra vikna hefja framleiðslu á plástrum okkar í Evrópu og fylgjum fyllilega áætlun, hvað það varðar. Í öðru lagi höfum við byrjað afgreiðslu á LifeWave pöntunum til sumra Evrópulanda frá nýju höfuðstöðvunum. Þessir áfangar og allir aðrir þættir í Evrópurekstri okkar eru mikilvægir, en jafnframt tel ég, að enginn þáttur sé eins mikilvægur og þjónustumiðstöð okkar í Evrópu. Mig langar að segja ykkur aðeins frekar frá því.

Í síðustu viku opnuðum við LifeWave Europe þjónustumiðstöð og erum ánægð með viðbrögðin, sem við höfum fengið við henni. Ég ætti að segja ykkur frá, að í undirbúningi fyrir þessa opnun ferðaðist þjónustufulltrúi okkar í Atlanta, Scott Shirley, til LifeWave Europe og varði tveimur heilum vikum við að þjálfa nýju þjónustufulltrúana okkar þar. Scott bjó þau undir að taka á öllum spurningunum, álitamálum og áhyggjum, sem LifeWave félagar kunna láta í ljós. Hann sá þeim fyrir þjálfun í þjónustuhugbúnaði okkar til að tryggja, að þau geti svarað fljótt. Hann tók líka á stefnumálum og aðferðafræði, svo að þau viti nákvæmlega, hvernig eigi að taka réttar ákvarðanir og komast áleiðis. Og auðvitað þjálfaði hann þau í LifeWave andanum og hvers félagar okkar vænta af okkur, þegar þeir hringja. Þjálfunin tókst afar vel og ég er þess fullviss, að liðið okkar á Írlandi er alveg tilbúið.

Þar að auki vinnum við hörðum höndum að því að tryggja, að við búum yfir nauðsynlegri tungumálafærni í höfuðstöðvum okkar í Evrópu. Sem stendur geta þjónustufulltrúar okkar í Evrópu tekið á móti símtölum á frönsku, spænsku og hebresku. Innan örfárra vikna munum við bæta ítölsku og þýsku við þann lista. Þegar fram líða tímar, höldum við áfram að bæta við tungumálum eftir þörfum.

Allt verkefnið hefur verið dásamleg og spennandi reynsla fyrir okkur öll, sem höfum tekið þátt í því. Þetta sýnir, hve mikilvægur Evrópureksturinn hefur orðið og endurspeglar líka þá staðreynd, að LifeWave er alþjóðlegt fyrirtæki í örum vexti. Þarafleiðandi munum við aldrei hika við að stíga þau skref, sem þarf til að styðja félagar okkar, hvar sem þeir eru. Það, sem eftir lifir ársins, munum við koma með fjölmargar spennandi tilkynningar, en ekkert mun taka fram opnun LifeWave Europe. Vonandi eruð þið jafnspennt og ég um þessa mikilvægu áfanga á braut samfellds vaxtar og góðs árangurs!

Ykkar einlægur,

Michael J. Collins

Michael J. Collins,
forseti LifeWave